

Bláskógabyggð

Ársreikningur 2019



Bláskógabyggð
Aratungu
801 Selfoss

Kt. 510602-4120

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Ársreikningur Bláskógabyggðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrarartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 1.530 millj. kr. í A og B hluta, en þar af námu rekstrarartekjur A hluta 1.348 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% en lögbundið hámark er það sama árið 2019. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,50% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,42% í C-flokki.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 49 millj. kr. en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 37 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2019 nam 1.274 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 1.057 millj. kr.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um endanleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum lýkur. Vænta má að áhrif á rekstur sveitarfélagsins verði umtalsverð m.a. vegna lægri skatttekna og annarra tekna, frestun innheimtu og aukinna útgjalda. Sjá nánari umfjöllun í skýringu 19.

Ársreikningur Bláskógabyggðar fyrir árið 2019 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Reykholti, 14. maí 2020


Sveitarstjóri:



Ársreikningur Bláskógabyggðar fyrir árið 2019 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Reykholti, 28. maí 2020

Sveitarstjórn:



Valgerður Guarsdóttir
Guðrún S. Magnúsdóttir
Robert Aron Pálsson
Alþeirur Sveinbjörnsson
Helga Hjartarson
Ólafur Þ. Þrándsson
Einnílfur

Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Bláskógabyggðar

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Bláskógabyggðar fyrir árið 2019 sem hefur að geyma samantekin reikningsskil fyrir þær rekstrarreikningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreiknings.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 28. maí 2020

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur 2019

	Skýr	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
Rekstrartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	4	978.155	1.008.034	888.071	973.698	1.008.034	881.957
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	190.087	179.390	170.050	190.087	179.390	170.050
Aðrar tekjur	4	180.192	170.765	191.114	366.217	354.981	370.701
		<u>1.348.435</u>	<u>1.358.189</u>	<u>1.249.234</u>	<u>1.530.003</u>	<u>1.542.405</u>	<u>1.422.708</u>
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	628.644	615.749	594.230	646.176	640.011	605.834
Annar rekstrarkostnaður		631.158	668.408	541.892	729.074	785.622	613.907
		<u>1.259.802</u>	<u>1.284.156</u>	<u>1.136.122</u>	<u>1.375.250</u>	<u>1.425.633</u>	<u>1.219.740</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		88.633	74.033	113.112	154.753	116.772	202.967
Afskriftir	8	(28.062)	(31.999)	(21.655)	(58.740)	(59.035)	(49.703)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda		60.571	42.034	91.457	96.013	57.737	153.264
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	(23.893)	(16.508)	(13.958)	(39.257)	(37.501)	(30.623)
Tekjuskattur	10	0	0	0	(8.001)	(4.307)	(12.073)
Rekstrarniðurstaða	13	<u>36.678</u>	<u>25.526</u>	<u>77.499</u>	<u>48.755</u>	<u>15.929</u>	<u>110.569</u>

Efnahagsreikningur

		Eignir				
		A hluti		A og B hluti		
Skýr.		2019	2018	2019	2018	
Fastafjármunir						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
	Fasteignir og lóðir	8	1.324.732	827.236	1.415.277	920.082
	Byggingarland, veitu- og gatnakerfi	8	186.362	145.332	519.643	433.104
	Áhöld og tæki	8	15.122	20.573	17.781	23.623
			<u>1.526.215</u>	<u>993.141</u>	<u>1.952.701</u>	<u>1.376.810</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
	Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	9	92.485	100.658	92.485	100.658
	Tekjuskattseign	10	0	0	12.789	13.468
	Langtímakröfur	11	1.873	2.532	1.873	2.532
	Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	11	236.502	140.069	0	0
	Fyrirframgreiddur kostnaður	12	115.869	120.506	116.414	121.072
			<u>446.729</u>	<u>363.765</u>	<u>223.561</u>	<u>237.730</u>
	Fastafjármunir		<u>1.972.945</u>	<u>1.356.906</u>	<u>2.176.262</u>	<u>1.614.540</u>
Veltufjármunir						
Skammtímakröfur:						
	Óinnheimtar tekjur	13	149.125	135.620	175.483	162.564
	Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		95.496	111.959	0	0
	Fyrirframgreiddur kostnaður	12	4.636	4.636	4.658	4.658
	Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	11	27.309	20.072	0	0
	Næsta árs afborganir langtímakrafna	11	737	684	737	684
	Aðrar skammtímakröfur	13	8.155	9.291	32.794	12.152
	Handbært fé	3	6.223	270.145	77.259	321.478
	Veltufjármunir		<u>291.682</u>	<u>552.406</u>	<u>290.930</u>	<u>501.535</u>
	Eignir samtals		<u>2.264.627</u>	<u>1.909.312</u>	<u>2.467.193</u>	<u>2.116.075</u>

31. desember 2019

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2019	2018	2019	2018
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	14	1.057.486	986.062	1.273.628	1.190.127
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	15	762.473	621.671	820.842	680.522
Skammtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir		63.004	0	63.004	0
Skuldir við eigin fyrirtæki		97.367	80.442	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	81.478	70.462	83.618	74.954
Aðrar skammtímaskuldir		202.818	150.676	226.100	170.472
		444.667	301.579	372.722	245.426
Skuldir		1.207.140	923.250	1.193.565	925.948
Eigið fé og skuldir samtals		2.264.627	1.909.312	2.467.193	2.116.075
Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar					
utan efnahagsreiknings.....	17				

Sjóðstreymisyfirlit 2019

Skýr.	A hluti			A og B hluti			
	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða	14	36.678	25.526	77.499	48.755	15.929	110.569
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	8	28.062	31.999	21.655	58.740	59.035	49.703
Verðbætur		15.951	21.095	9.469	21.883	30.557	16.297
Breyting á tekjuskattseign	10	0	0	0	679	0	1.411
Veltufé frá rekstri		80.692	78.620	108.622	130.056	105.521	177.980
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirfram.gr. kostnaður, breyting	12	4.636	0	(125.142)	4.658	0	(125.730)
Óinnheimtar tekjur, breyting		(13.506)	0	(18.265)	(12.918)	0	(22.815)
Aðrar skammtímakröfur, breyting		1.136	0	(7.793)	3.996	0	(10.561)
Skammtímaskuldir, breyting		52.143	35.000	20.227	49.645	35.000	21.962
Samtals		44.409	35.000	(130.972)	45.381	35.000	(137.144)
Handbært fé frá, (til) rekstrar		125.101	113.620	(22.350)	175.438	140.521	40.836
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.	8	(529.704)	(480.150)	(209.752)	(599.885)	(599.773)	(254.874)
Millifærður ljósleiðari	8	3.313	0	0	0	0	0
Skammtímakröfur vegna fjárfestingar ...		0	0	0	(24.638)	0	0
Skammtímaskuldir vegna fjárfestingar ..		0	0	0	5.983	0	0
Eignarhlutur, breyting		8.173	0	(4.193)	8.173	0	(4.193)
Langtímakröfur, breyting	11	691	5.292	636	691	5.292	636
Langtímakröfur á eigin ft., breyting.....	11	(99.464)	23.853	21.199	0	0	(0)
Fjárfestingarhreyfingar		(616.991)	(451.005)	(192.110)	(609.676)	(594.481)	(258.432)
Fjármögnunarhreyfingar							
Skuldir við lánastofnanir, breyting.....		63.004	0	0	63.004	0	0
Viðskiptastaða eigin ft., breyting		33.388	(97.448)	(18.066)	0	0	0
Tekin ný langtímalán	15	200.000	200.000	382.519	200.000	200.000	382.519
Afborganir langtímalána	15	(68.423)	(76.713)	(57.963)	(72.984)	(81.350)	(62.545)
Fjármögnunarhreyfingar		227.968	25.839	306.491	190.020	118.650	319.974
(Lækkun), hækkun á handbæru fé		(263.922)	(311.546)	92.030	(244.218)	(335.310)	102.378
Handbært fé í ársbyrjun		270.145	312.566	178.115	321.478	342.040	219.100
Handbært fé í árslok		6.223	1.020	270.145	77.260	6.730	321.478

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Bláskógabyggð er sveitarfélag á Suðurlandi og voru íbúar 1.162 þann 1. desember 2019. Skrifstofa sveitarfélagsins er í Aratungu.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Bláskógabyggðar árið 2019 hefur að geyma samantekinn reikningsskil fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisfirlit og viðeigandi skýringar.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustustöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Vatnsveita, Bláskógaveita, Leiguíbúðir, Félagslegar íbúðir, Bláskógaljós og Fráveita.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlaun tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söliverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrarrekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög og endurgreiðslur vegna stofnkostnaðar.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært í eiginfjárreikning.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar.....	25 - 40 ár
Veitukerfi.....	25 ár
Gatnakerfi og byggingarland.....	25 ár
Áhöld og búnaður.....	5 - 10 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflökks.

g. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding þeirra fyrirtækja í B hluta sem eru tekjuskattsskyld er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun á skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn þessara fyrirtækja er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra.

Útreikningur á tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbindingu byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Samkvæmt gildandi skattalöggjöf er yfirfæranlegt skattalegt tap nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði í tíu ár frá því það myndast. Tekjuskattseign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er færð að því marki sem talið er að það nýtist.

h. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

i. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

j. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

k. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

l. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

m. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringu 17.

n. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2019 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykkttri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 22.

Skýringar, frh.:

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
Útsvar og fasteignaskattur:						
Útsvar.....	610.155	615.000	566.326	610.155	615.000	566.326
Fasteignaskattur.....	353.147	377.734	309.637	348.689	377.734	303.523
Lóðarleiga.....	14.853	15.300	12.108	14.853	15.300	12.108
	978.155	1.008.034	888.071	973.698	1.008.034	881.957
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Framlag vegna fasteignaskatts.....	76.082	73.000	71.198	76.082	73.000	71.198
Framlög vegna grunnskóla.....	110.626	104.000	96.887	110.626	104.000	96.887
Önnur framlög.....	3.380	2.390	1.965	3.380	2.390	1.965
	190.087	179.390	170.050	190.087	179.390	170.050
Skatttekjur samtals	1.168.243	1.187.424	1.058.120	1.163.785	1.187.424	1.052.006
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur.....	180.192	170.765	191.114	366.217	354.981	370.701
Rekstrartekjur samtals.....	1.348.435	1.358.189	1.249.234	1.530.003	1.542.405	1.422.708

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
Laun	503.792	494.964	476.416	517.993	515.864	486.030
Launatengd gjöld	117.820	116.148	112.451	120.770	119.489	114.353
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs.....	4.636	4.636	4.636	4.658	4.658	4.658
Áfallinn launakostnaður, breyting.....	2.396	0	726	2.756	0	793
Laun og launatengd gjöld samtals	628.644	615.749	594.230	646.176	640.011	605.834
				2019	2018	
Fjöldi starfsmanna í árslok.....				102	82	
Fjöldi stöðugilda í árslok.....				63	69	
Ársverk.....				67	65	
Laun sveitarstjóra og sveitarstjórnar.....				34.170	42.029	

Skýringar, frh.:

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
Vaxtatekjur og verðbætur.....	3.738	15.107	6.211	5.182	15.107	7.547
Arður af eignarhlutum.....	2.097	4.529	1.952	2.097	4.529	1.952
Vaxtagjöld og verðbætur	(42.888)	(52.077)	(35.840)	(46.536)	(57.137)	(39.819)
Vextir frá eigin fyrirtækjum.....	13.159	15.933	13.719	0	0	(302)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.) samt.....	(23.893)	(16.508)	(13.958)	(39.257)	(37.501)	(30.623)

7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	1.199.049	1.187.424	1.082.344
Félagsþjónusta	(57.746)	(63.011)	(55.302)
Heilbrigðismál	(6.459)	(4.596)	(2.217)
Fræðslu- og uppeldismál	(679.820)	(666.214)	(605.712)
Meningarmál	(30.574)	(36.081)	(15.733)
Æskulýðs- og íþróttamál	(82.482)	(84.091)	(58.672)
Brunamál og almannavarnir	(42.451)	(39.946)	(41.649)
Hreinlætismál	(48.232)	(37.477)	(12.405)
Skipulags- og byggingarmál	(44.348)	(38.887)	(24.627)
Umferðar- og samgöngumál	(39.997)	(45.672)	(36.501)
Umhverfismál	(22.089)	(25.059)	(20.492)
Atvinnumál	(24.525)	(31.503)	(12.621)
Sameiginlegur kostnaður	(110.432)	(113.281)	(117.347)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	(4.636)	(4.636)	(4.636)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	23.176	37.781	20.463
Aðalsjóður samtals	28.434	34.749	94.891
A hluta stofnanir:			
Eignasjóður	12.249	(4.936)	(10.702)
Þjónustustöð	(4.005)	(4.288)	(6.690)
A hluti samtals	36.678	25.526	77.499
B hluta fyrirtæki:			
Vatnsveita	27.305	20.378	19.923
Bláskógaveita	13.279	4.748	20.019
Leiguíbúðir	560	(8.947)	(1.872)
Félagslegar íbúðir	(14.746)	(13.005)	(2.491)
Bláskógaljós	0	(2.562)	0
Fráveita	(14.322)	(10.208)	(2.509)
A og B hluti samtals	48.755	15.929	110.569

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir Byggingarland Vélar, áhöld og lóðir og gatnakerfi og tæki			Samtals
	Fasteignir og lóðir	Byggingarland og gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	
A hluti				
Heildarverð 1.1.2019	1.369.440	207.561	44.459	1.621.460
Afskrifað áður	(542.204)	(62.229)	(23.886)	(628.319)
Bókfært verð 1.1.2019	827.236	145.332	20.573	993.141
Viðbót á árinu	480.541	49.163	0	529.704
Millifærður ljósleiðari	0	0	(3.313)	(3.313)
Endurmat lóða og lendna	34.746	0	0	34.746
Afskrifað á árinu	(17.791)	(8.134)	(2.138)	(28.062)
Bókfært verð 31.12.2019	1.324.732	186.361	15.122	1.526.215
Heildarverð 31.12.2019	1.884.727	256.724	41.146	2.182.596
Afskrifað samtals	(559.995)	(70.363)	(26.024)	(656.381)
Bókfært verð 31.12.2019	1.324.732	186.361	15.122	1.526.215
Afskriftahlutföll	0-4%	4%	5-15%	

	Byggingarland			Samtals
	Fasteignir og lóðir	veitu- og gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	
A og B hluti				
Heildarverð 1.1. 2019	1.654.711	816.835	55.935	2.527.481
Afskrifað áður	(734.629)	(383.730)	(32.312)	(1.150.670)
Bókfært verð 1.1. 2019	920.082	433.105	23.623	1.376.811
Viðbót á árinu	480.541	119.344	0	599.885
Millfærður ljósleiðari	0	3.313	(3.313)	0
Endurmat lóða og lendna	34.746	0	0	34.746
Afskrifað á árinu	(20.091)	(36.119)	(2.529)	(58.739)
Bókfært verð 31.12.2019	1.415.278	519.644	17.781	1.952.703
Heildarverð 31.12.2019	2.169.998	939.492	52.622	3.162.112
Afskrifað samtals	(754.720)	(419.849)	(34.841)	(1.209.410)
Bókfært verð 31.12.2019	1.415.278	519.644	17.781	1.952.702
Afskriftahlutföll	0-4%	4%	5-20%	

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2019	Áætlun 2019 með viðaukun
A hluti		
Fasteignir:		
Leikskólinn Álfaborg	359.537	338.000
Þak Áhaldahús	7.491	7.000
Hesthús Fremstaver	925	1.000
Ösp, Lindarbraut 8, endurbætur	30.886	29.200
Íþróttamiðstöð Laugarvatni	52.362	46.000
Kistuholt, félagsaðstaða	4.702	0
Skólalóð Laugarvatni	6.438	6.000
Skólalóð Reykholti	10.950	8.700
Fjallaskálar	7.250	7.250
	<u>480.541</u>	<u>443.150</u>
Gatnakerfi, gámasvæði o.fl.:		
Göngustígar	9.181	9.000
Gatnaframkvæmdir	44.599	40.000
Gatnagerðargjöld	(4.617)	(12.000)
	<u>49.163</u>	<u>37.000</u>
A hluti samtals	<u>529.704</u>	<u>480.150</u>
B hluti		
Vatnsveita:		
Framkvæmdakostnaður	9.547	16.883
Tengigjöld	(3.369)	(1.000)
	<u>6.178</u>	<u>15.883</u>
Bláskógaveita:		
Framkvæmdakostnaður	1.449	30.435
Tengigjöld	(2.612)	(9.195)
	<u>(1.163)</u>	<u>21.240</u>
Fráveita:		
Fasteign fyrir Seyruverkefni*	32.665	37.500
Framkvæmdakostnaður	1.148	5.000
	<u>33.813</u>	<u>42.500</u>
Bláskógaljós:		
Framkvæmdir	83.180	40.000
Framkvæmdastyrkir	(48.514)	0
	<u>34.666</u>	<u>40.000</u>
B hluti samtals	<u>73.494</u>	<u>119.623</u>
Kaup og sala eigna milli A og B hluta bakfærð	(3.313)	0
Samtals A og B hluti	<u>599.885</u>	<u>599.773</u>

*Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir fjárfestingu í Seyruverkefni í A hluta. Fjárfestingin er færð í fráveitu í B hluta og er áætlun vegna verkefnisins millifærð til samræmis.

c. Fasteignamat og váttryggingaverð

Fasteignamat og váttryggingaverð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2019:

	A hluti	A og B hluti
Fasteignamat.....	2.395.234	2.508.208
Brunabótamat fasteigna.....	5.939.023	6.189.773
Váttryggingaverðmæti lausafjármuna.....	211.131	219.132
Váttryggingaverðmæti veitumannvirkja.....		1.221.249

Skýringar, frh.:

9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga			5.782	5.782
Sorpstöð Suðurlands bs.			1.003	1.003
Laugaráslæknishérað			17.258	17.258
Þingvallavatnssiglingar ehf.	5,68%	5,68%	233	233
Vottunarstofan Tún ehf.	0,38%	0,38%	50	50
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. A-bréf	1,20%	1,20%	1.094	1.094
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. B-bréf	2,00%	2,00%	4.374	4.374
Sláturfélag Suðurlands			129	129
Gufa ehf.	2,76%	2,76%	2.115	2.115
Norðurvegur ehf.	2,95%	2,95%	500	500
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	0,63%	0,63%	55.368	55.368
Háskólafélag Suðurlands ehf.	5,11%	5,11%	3.557	3.557
Límtré Vírnnet ehf.	0,36%	0,36%	500	500
Uppsveitaorka ehf.	26,00%	26,00%	521	521
			<u>92.485</u>	<u>92.485</u>

10. Tekjuskattseign

Bláskógaveita er í B hluta ársreiknings sveitarfélagsins og er skattskyld samkvæmt lögum um orkufyrirtæki nr. 50/2005. Útreikningur á tekjuskattsskuldbindingu og tekjuskattseign byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi, nú 37,6%.

	A og B hluti
Tekjuskattseign greinist þannig:	
Tekjuskattseign í ársbyrjun	13.468
Reiknaður tekjuskattur	(8.001)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2020	7.322
Tekjuskattseign í árslok 2019	<u>12.789</u>
Tekjuskattseign skiptist þannig í árslok á einstaka liði efnahagsreiknings:	
Varanlegir rekstrarfjármunir	7.248
Viðskiptakröfur	5.541
Tekjuskattseign í árslok 2019	<u>12.789</u>

Skýringar, frh.:

11. Langtímakröfur og langtímakröfur á eigin fyrirtæki

Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:

	Langtíma- kröfur á eigin fyrirtæki	Langtímakröfur	
		A hluti	A og B hluti
Staða langtímakrafna í ársbyrjun	160.141	3.216	3.216
Veitt lán.....	120.000	0	0
Afborgun langtímakrafna á árinu	(20.608)	(691)	(691)
Verðbætur.....	4.277	85	85
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	263.810	2.610	2.610
Næsta árs afborganir	(27.309)	(737)	(737)
	<u>236.501</u>	<u>1.873</u>	<u>1.873</u>

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

Árið 2020.....	27.309	737	737
Árið 2021.....	28.538	775	775
Árið 2022.....	18.882	816	816
Árið 2023.....	19.732	282	282
Árið 2024.....	20.619	0	0
Afborgun síðar.....	148.730	0	0
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>263.810</u>	<u>2.610</u>	<u>2.610</u>

Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysliverðs.

12. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2020 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjorsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjorsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

	A hluti	A og B hluti
Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun.....	125.142	125.730
Gjaldfært á árinu.....	(4.636)	(4.658)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok.....	<u>120.506</u>	<u>121.072</u>

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna.....	4.636	4.658
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	115.869	116.414
Samtals í efnahagsreikningi.....	<u>120.506</u>	<u>121.072</u>

Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:

Framlag í lífeyrisaukasjóð.....	108.997	109.512
Framlag í varúðarsjóð.....	11.508	11.560
	<u>120.506</u>	<u>121.072</u>

Við útreikning á skuldaviðmiði er heimilt að draga frá bókfært verð fyrirframgreiðslu til Brúar lífeyrissjóðs.

Skýringar, frh.:

13. Skammtímakröfur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Óinnheimtar skatttekjur.....	69.266	69.266
Óinnheimtar aðrar tekjur.....	79.859	106.216
Óinnheimtar tekjur í árslok	149.125	175.483

Niðurfærsla óinnheimtra tekna og annarra skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun.....	41.739	57.319
Niðurfærsla, breyting á árinu	13.661	14.981
Niðurfærsla í árslok	55.400	72.300

14. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2019	986.062	1.190.127
Endurmat lóða og lendna	34.746	34.746
Rekstrarniðurstaða ársins	36.678	48.755
Eigið fé 31.12.2019	1.057.486	1.273.628

Lóðir og lendur sveitarfélagsins sem það hefur leigutekjur af voru endurmetnar í árslok 2019 til samræmis við álit reikningssskilanefndar sveitarfélaga nr. 2/2010 þar sem breyting gangvirðis var yfir 5%.

15. Skuldir við lánastofnanir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Staða lána í ársbyrjun	692.132	755.476
Nýtt lán á árinu	200.000	200.000
Afborganir af lánum	(68.423)	(72.984)
Verðbætur.....	20.242	21.968
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	843.951	904.460
Næsta árs afborganir.....	(81.478)	(83.618)
	762.473	820.842

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2020	81.478	83.618
Árið 2021	64.027	66.243
Árið 2022	64.748	67.042
Árið 2023	65.490	67.866
Árið 2024	52.450	54.912
Síðar	515.758	564.779
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	843.951	904.460

Veðsetningar

Íbúðir í eigu félagslegra íbúða að bókfærðu virði 32,0 millj. kr. eru veðtryggðar fyrir skuldum að eftirstöðum 60,5 millj. kr. í árslok 2019. Sveitarfélagið hefur veitt Lánasjóði sveitarfélaga veð í staðgreiðslutekjum fyrir skuldum að eftirstöðvum að fjárhæð 838,1 millj. kr. í árslok 2019.

Skýringar, frh.:

16. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A-hluti	100%	2.264.627	1.207.140	1.057.486
Vatnsveita	100%	144.188	76.888	67.300
Bláskógaveita	100%	222.067	19.402	202.665
Leigibúðir	100%	32.755	0	32.755
Félagslegar íbúðir	100%	31.959	102.236	(70.277)
Bláskógaljós	100%	59.304	59.304	0
Fráveita	100%	168.967	185.269	(16.301)
Millifærslur, innbyrðis staða		(456.674)	(456.674)	0
Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok		<u>2.467.192</u>	<u>1.193.564</u>	<u>1.273.628</u>

17. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Byggðasamlög og önnur samstarfsverkefni:

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum aðili að eftirtöldum byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum:

Bergisinn bs.

Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs.

Sorpstöð Suðurlands bs.

Skóla- og velferðajónusta Árnesþings bs.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Héraðsnefnd Árnesinga bs., sem annast yfirstjórn og rekstur eftirtalinnna stofnanna fyrir hönd þeirra sveitarfélag sem eru aðilar að byggðasamlaginu:

Brunavarnir Árnessýslu

Almannavarnir Árnessýslu

Listasafn Árnesinga

Héraðsskjalasafn Árnesinga

Byggðasafn Árnesinga

Tónlistarskóli Árnesinga

Sveitarfélagið bera hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaganna og samstarfsverkefnanna miðað við íbúatölu.

Aðrar ábyrgðarskuldbindingar:

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Brunavarna Árnessýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum. Eftirstöðvar lánanna nema 390,8 millj. kr. í árslok 2019.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Listasafns Árnesinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum. Eftirstöðvar lánsins nema 17,9 millj. kr. í árslok 2019.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Héraðsnefndar Árnesinga bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins. Eftirstöðvar lánsins nema 277,2 millj. kr. í árslok 2019.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Byggðasafns Árnesinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum. Eftirstöðvar lánsins nema 112,9 millj. kr. í árslok 2019.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Tónlistarskóla Árnesinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum. Eftirstöðvar lánsins nema 21,0 millj. kr. í árslok 2019.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Héraðsskjalasafns Árnesinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum. Eftirstöðvar lánsins nema 10,2 millj. kr. í árslok 2019.

18. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

19. Atburður eftir lok reikningsskiladags

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um endanleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin verða eftir að honum lýkur. Vænta má að áhrif á rekstur sveitarfélagsins verði umtalsverð meðal annars vegna lægri skatttekna og annarra tekna, frestun innheimtu og aukinna útgjalda.

Það er mat stjórnenda sveitarfélagsins að ekki sé unnt, í ljósi framangreindrar óvissu, að leggja endanlegt mat á áhrif Covid-19 á rekstur sveitarfélagsins en meta greiðsluhæfi þess þó ekki skert. Til að mæta skammtímasveiflum í sjóðsflæði hefur sveitarfélagið m.a. aðgang að 70,0 millj. kr. lánalínu sem það hefur ekki enn dregið á. Það er hins vegar ljóst að forsendur fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir árið 2020 eru að miklu leyti brostnar og er nú unnið að breytingum á henni.

20. Önnur mál

Höfðað hefur verið mál á hendur sveitarfélaginu með stefnu sem þingfest var fyrir Héraðsdómi Suðurlands þann 5. febrúar 2020, þar er gerð krafa um skaðabætur og miskabætur vegna uppsagnar úr starfi hjá sveitarfélaginu á árinu 2017. Áður hafði verið sett fram krafa á árinu 2018 en endanleg fjárhæð kröfu kom ekki fram fyrr en með fyrrgreindri stefnu. Fjárhæð kröfugerðarinnar í dómsmálinu nemur um 56,1 millj. kr. auk dráttarvaxta. Sveitarfélagið hefur skilað greinargerð um málið og hafnar kröfugerðinn að öllu leyti. Óvissa ríkir um niðurstöðu málsins og hvenær það verður til lykta leitt, en talið er líklegt að niðurstaða fáiist í Héraðsdómi Suðurlands á árinu 2020. Ekki er færð nein skuldbinding vegna málsins í ársreikningnum.

Skýringar, frh.:

21. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2019	2019	2018	2017	2016	2015
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	186.490	197.643	251.190	229.266	202.185	161.723
Skuldaviðmið, skv. reglugerð*.....	44,6%	59,3%	20,0%	34,7%	34,2%	45,2%
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	5,5 %	6,6 %	9,1 %	8,7 %	10,8 %	8,9 %
Rekstrarniðurstaða	1,9 %	2,7 %	6,2 %	7,1 %	8,7 %	5,9 %
Veltufé frá rekstri	5,8 %	6,0 %	8,7 %	9,0 %	10,7 %	8,2 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	35,4 %	39,3 %	16,8 %	7,1 %	2,1 %	2,1 %
Skuldahlutfall.....	73,1 %	89,5 %	73,9 %	46,9 %	51,4 %	58,5 %
Önnur hlutföll						
Langtímaskuldir í hlutfalli við						
veltufé frá rekstri mælt í árum	9,56	9,45	5,72	2,80	3,13	5,11
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við						
afborganir skulda og skuldbindinga.....	1,02	0,99	1,54	1,82	1,93	1,34
Veltufjárhlutfall	1,11	0,66	1,83	1,56	1,96	1,81
Eiginfjárhlutfall	48,9 %	46,7 %	51,6 %	60,6 %	55,6 %	50,8 %
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Útsvar	45,3 %	45,2 %	45,3 %	43,5 %	42,6 %	40,5 %
Fasteignaskattur	27,8 %	26,2 %	24,8 %	26,7 %	27,5 %	28,3 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	13,2 %	14,1 %	13,6 %	14,4 %	14,2 %	14,3 %
Lóðarleiga.....	1,1 %	1,1 %	1,0 %	0,6 %	0,7 %	0,8 %
Skatttekjur samtals.....	87,4 %	86,6 %	84,7 %	85,2 %	85,1 %	83,9 %
Aðrar tekjur	12,6 %	13,4 %	15,3 %	14,8 %	14,9 %	16,1 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld	(45,3 %)	(46,6 %)	(47,6 %)	(46,4 %)	(42,7 %)	(42,7 %)
Annar rekstrarkostnaður	(49,2 %)	(46,8 %)	(43,4 %)	(44,9 %)	(46,5 %)	(48,4 %)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	5,5 %	6,6 %	9,1 %	8,7 %	10,8 %	8,9 %
Afskriftir	(2,4 %)	(2,1 %)	(1,7 %)	(1,6 %)	(1,7 %)	(1,9 %)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(1,2 %)	(1,8 %)	(1,1 %)	(0,0 %)	(0,4 %)	(1,0 %)
Rekstrarniðurstaða	1,9 %	2,7 %	6,2 %	7,1 %	8,7 %	5,9 %

* Útreikningur skuldaviðmiðs miðar við gildandi reglur fyrir hvert ár. Síðasta breyting tók gildi á árinu 2018.

Skýringar, frh.:

21. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2019	2019	2018	2017	2016	2015
Í þúsundum króna á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur.....	1.022	1.005	946	898	853	799
Aðrar tekjur	147	155	171	156	150	154
Laun og launatengd gjöld	(530)	(541)	(532)	(489)	(428)	(407)
Annar rekstrarkostnaður.....	(575)	(543)	(485)	(473)	(466)	(462)
Afskriftir.....	(28)	(24)	(19)	(17)	(17)	(18)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(14)	(21)	(12)	(0)	(4)	(10)
Rekstrarniðurstaða	22	32	69	75	88	57
Efnahagur:						
Eignir	1.672	1.949	1.708	1.255	1.160	1.132
Eigið fé	818	910	882	761	645	575
Skuldir og skuldbindingar	854	1.039	826	494	515	557
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	68	69	97	94	107	79
Handbært fé frá rekstri.....	98	108	(20)	147	78	72
Íbúafjöldi:						
Íbúafjöldi 1. desember.....	1.162	1.162	1.118	1.115	1.030	983

Skýringar, frh.:

21. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2019	2019	2018	2017	2016	2015
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:						
Jafnvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	254.524	287.350	371.831	343.513	306.291	246.838
Skuldaviðmið, skv. reglugerð.....	49,2%	51,4%	21,3%	30,9%	35,4%	49,9%
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	7,6 %	10,1 %	14,3 %	14,7 %	17,3 %	13,8 %
Rekstrarniðurstaða	1,0 %	3,2 %	7,8 %	9,5 %	11,2 %	7,6 %
Veltufé frá rekstri	6,8 %	8,5 %	12,5 %	13,2 %	15,3 %	11,3 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	38,9 %	39,2 %	17,9 %	9,9 %	3,7 %	4,9 %
Skuldahlutfall.....	67,0 %	78,0 %	65,1 %	42,1 %	49,4 %	58,2 %
Önnur hlutföll						
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum	7,67	6,31	3,82	2,00	2,26	3,80
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindinga.....	1,30	1,56	2,37	2,86	2,91	1,83
Veltufjárhlutfall	0,81	0,78	2,04	1,71	1,94	1,54
Eiginfjárhlutfall	52,6 %	51,6 %	56,2 %	64,2 %	57,4 %	50,8 %
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Útsvar	39,9 %	39,9 %	39,8 %	37,8 %	37,0 %	35,2 %
Fasteignaskattur	24,5 %	22,8 %	21,3 %	23,1 %	23,6 %	24,3 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	11,6 %	12,4 %	12,0 %	12,5 %	12,3 %	12,4 %
Lóðarleiga.....	1,0 %	1,0 %	0,9 %	0,6 %	0,6 %	0,7 %
Skatttekjur samtals.....	77,0 %	76,1 %	73,9 %	74,0 %	73,5 %	72,5 %
Aðrar tekjur	23,0 %	23,9 %	26,1 %	26,0 %	26,5 %	27,5 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld	(41,5%)	(42,2%)	(42,6%)	(41,3%)	(37,9%)	(38,7%)
Annar rekstrarkostnaður	(50,9%)	(47,7%)	(43,2%)	(44,0%)	(44,8%)	(47,5%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	7,6 %	10,1 %	14,3 %	14,7 %	17,3 %	13,8 %
Afskriftir	(3,8%)	(3,8%)	(3,5%)	(3,1%)	(3,2%)	(3,4%)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(2,4%)	(2,6%)	(2,2%)	(1,0%)	(1,7%)	(2,5%)
Tekjuskattur.....	(0,3%)	(0,5%)	(0,8%)	(1,1%)	(1,2%)	(0,2%)
Rekstrarniðurstaða	1,0 %	3,2 %	7,8 %	9,5 %	11,2 %	7,6 %

* Útreikningur skuldaviðmiðs miðar við gildandi reglur fyrir hvert ár. Síðasta breyting tók gildi á árinu 2018.

Skýringar, frh.:

21. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2019	2019	2018	2017	2016	2015
Í þúsundum króna á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur.....	1.022	1.002	941	895	850	796
Aðrar tekjur	305	315	332	315	307	301
Laun og launatengd gjöld	(551)	(556)	(542)	(500)	(438)	(425)
Annar rekstrarkostnaður.....	(676)	(627)	(549)	(533)	(518)	(521)
Afskriftir.....	(51)	(51)	(44)	(38)	(37)	(38)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(32)	(34)	(27)	(12)	(19)	(28)
Rekstrarniðurstaða	17	49	110	128	143	86
Efnahagur:						
Eignir	1.879	2.123	1.893	1.423	1.339	1.299
Eigið fé	989	1.096	1.065	914	768	660
Skuldir og skuldbindingar	890	1.027	828	509	571	639
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	91	112	159	160	177	124
Handbært fé frá rekstri.....	121	151	37	222	145	120
Íbúafjöldi:						
Íbúafjöldi 1. desember.....	1.162	1.162	1.118	1.115	1.030	983

Skýringar, frh.:

21. Lykiltölur, frh.:

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekina til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú ár. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2019	Hlutfall af skattt.	2018	Hlutfall af skattt.	2017	Hlutfall af skattt.
Aðalsjóður						
Skatttekjur	1.199.049	100,0%	1.082.344	100,0%	1.018.412	100,0%
Félagsþjónusta	(57.746)	4,8%	(55.302)	5,1%	(55.124)	7,8%
Heilbrigðismál	(6.459)	0,5%	(2.217)	0,2%	(629)	0,1%
Fræðslu- og uppeldismál	(679.820)	56,7%	(605.712)	56,0%	(537.460)	55,3%
Menningarmál	(30.574)	2,5%	(15.733)	1,5%	(13.775)	2,0%
Æskulýðs- og íþróttamál	(82.482)	6,9%	(58.672)	5,4%	(48.815)	5,9%
Brunamál og almannavarnir	(42.451)	3,5%	(41.649)	3,8%	(38.160)	3,6%
Hreinlætismál	(48.232)	4,0%	(12.405)	1,1%	(12.831)	1,5%
Skipulags- og byggingarmál	(44.348)	3,7%	(24.627)	2,3%	(36.477)	4,5%
Umferðar- og samgöngumál	(39.997)	3,3%	(36.501)	3,4%	(37.402)	5,3%
Umhverfismál	(22.089)	1,8%	(20.492)	1,9%	(17.164)	1,7%
Atvinnumál	(24.525)	2,0%	(12.621)	1,2%	(28.408)	1,8%
Sameiginlegur kostnaður	(110.432)	9,2%	(117.347)	10,8%	(95.914)	8,9%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	(4.636)	0,4%	(4.636)	0,4%	(50.904)	0,0%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	23.176	(1,9%)	20.463	(1,9%)	21.204	(1,9%)
Aðalsjóður samtals	28.434		94.891		66.553	
Aðrir sjóðir í A hluta						
Eignasjóður	12.249	(1,0%)	(10.702)	1,0%	16.669	(3,5%)
Þjónustustöð	(4.005)	0,3%	(6.690)	0,6%	244	0,0%
A hluti samtals	36.678	(3,1%)	77.499	(7,2%)	83.466	(6,9%)

22. Samanburður fjárhagsáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2019 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur	1.007.034	1.000	1.008.034	1.007.034	1.000	1.008.034
Framlög Jöfnunarsjóðs	179.390	0	179.390	179.390	0	179.390
Aðrar tekjur	150.305	20.460	170.765	334.521	20.460	354.981
	<u>1.336.729</u>	<u>21.460</u>	<u>1.358.189</u>	<u>1.520.945</u>	<u>21.460</u>	<u>1.542.405</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	609.599	6.150	615.749	632.361	7.650	640.011
Annar rekstrarkostnaður	606.458	61.950	668.408	708.271	77.351	785.622
	<u>1.216.057</u>	<u>68.099</u>	<u>1.284.156</u>	<u>1.340.632</u>	<u>85.001</u>	<u>1.425.633</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	120.672	(46.639)	74.033	180.313	(63.541)	116.772
Afskriftir	(31.999)	0	(31.999)	(59.035)	0	(59.035)
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	88.673	(46.639)	42.034	121.278	(63.541)	57.737
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(16.508)	0	(16.508)	(37.501)	0	(37.501)
Tekjuskattur	0	0	0	(4.307)	0	(4.307)
Rekstrarniðurstaða	<u>72.165</u>	<u>(46.639)</u>	<u>25.526</u>	<u>79.470</u>	<u>(63.541)</u>	<u>15.929</u>

Skýringar, frh.:

22. Samanburður fjárhagsáætlana, frh.

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2019 samkvæmt upphaflega samþyktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða	72.165	(46.639)	25.526	79.470	(63.541)	15.929
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	31.999	0	31.999	59.035	0	59.035
Verðbætur	21.095	0	21.095	30.557	0	30.557
Veltufé frá rekstri	125.259	(46.639)	78.620	169.062	(63.541)	105.521
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:						
Fyrirfr.gr. kostnaður, breyting	0	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, breyting	0	35.000	35.000	0	35.000	35.000
Samtals	0	35.000	35.000	0	35.000	35.000
Handbært fé frá rekstri	125.259	(11.639)	113.620	169.062	(28.541)	140.521
Fjárfestingarhreyfingar						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(406.500)	(73.650)	(480.150)	(488.623)	(111.150)	(599.773)
Langtímakröfur, breyting	5.292	0	5.292	5.292	0	5.292
Langtímakr. á eigin ft. breyting.....	23.853	0	23.853	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(377.355)	(73.650)	(451.005)	(483.331)	(111.150)	(594.481)
Fjármögnunarhreyfingar						
Viðskiptast. eigin ft., breyting.....	(59.948)	(37.500)	(97.448)	0	0	0
Tekin ný langtímalán	200.000	0	200.000	200.000	0	200.000
Afborganir langtímalána	(76.713)	0	(76.713)	(81.350)	0	(81.350)
Fjármögnunarhreyfingar	63.339	(37.500)	25.839	118.650	0	118.650
(Lækkun) á handbæru fé.....	(188.757)	(122.789)	(311.546)	(195.619)	(139.691)	(335.310)
Handbært fé í ársbyrjun.....	312.566	0	312.566	342.040	0	342.040
Handbært fé í árslok.....	123.809	(122.789)	1.020	146.421	(139.691)	6.730